

## 6. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 11. nóvember 2014, kl. 19:30

Á fundinn mættu Arnar Ólafsson, formaður; Einar Ólafsson, varaformaður; Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri; Kristín Ívarsdóttir, ritari; Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri; Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála; Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála; Sæunn Viggósdóttir, nefndarmaður tækninefndar Fimleikar fyrir alla; Olga Bjarnadóttir, formaður tækninefndar í hóp fimleikum; og Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar.

Fundurinn fór fram á 3. hæð ÍSÍ.

### 1. Erindi frá skrifstofu vegna of margra flokka á mótum FSÍ

Rætt var um að flokkarnir eru of margir þegar kemur að efri þrepunum á mótum FSÍ, það eru fáir í hverjum flokki. Það er hægt að sameina þessa flokka. Það þarf að búa til reglu um að það sé lágmarksfjöldi í hverjum hópi.

Það voru 2,4 medalíur á hvern keppenda sem keppti á Haustmóti sem fram fór í Gerplu. Ef farið verður út í breytingar þá þarf að færa breytingarnar inn í móta- og keppnisreglur. Skrifstofan breytir þessu og setur þá reglu inn í móta- og keppnisreglur sem stjórn þarf svo að samþykkja.

Ákvörðun um þetta verður að gerast fyrirfram, þ.e. áður en mótið er haldið.

Samþykkt að Íris boði formenn tækninefnda á fund, þeir koma með tillögur um reglur og verklag hvað þetta varðar sem fer svo inn í móta- og keppnisreglur. Ef tækninefndir koma sér ekki saman um þetta þá tekur stjórn endanlega ákvörðun um málið.

### 2. Erindi sem barst til skrifstofu vegna tölva og annars kostnaðs mótakerfis

Spurning sem barst til skrifstofu hvort að við ætlum að kaupa fleiri tölvur sem hægt er að nota á mótum FSÍ.

FSÍ er að skoða þetta, en það er mjög ólíklegt að það verði farið út í slíka fjárfestingu á þessu keppnisári.

### 3. Erindi frá FFA vegna Colloquium sem haldið verður í Noregi

Tækninefnd óskar eftir því að senda nefndarmann til Noregs.

Samþykkt að notaður verði WOW miði til Köben og svo tilbaka og að FSÍ greiði þann kostnað sem fellur til vegna ferðarkostnaðar milli Köben og Osló. Skrifstofa sér um að bóka ferðina þannig að kostnaður verði í lágmarki.

### 4. Erindi frá Björk vegna óparfa kostnaðar móta

Frestum þessu erindi, tengist öðru máli sem skrifstofa er að vinna í.

### 5. Erindi frá Gerplu vegna þróunar dómaramála

Í dag er krafa móta þannig að það þarf 1 dómara á hverja 3 keppendur. Óskað var eftir því í fyrra að það yrðu sendir fleiri dómara frá félögum á mót og þetta var svarið við því. Aftur komið að því hvort að FSÍ ætli að yfirtaka dómaramálin? Félögin lenda þá í meiri kostnaði þar sem að álag á skrifstofu FSÍ verður meira en á móti kemur að álagið minnkar á félögin. Það þyrfti að flokka mótin upp í A, B, C o.s.frv. þar sem það er algjörlega óþarfi að hafa fulla dómaramána þegar kemur að yngri flokkum. Það hefur ekki verið samhljómur um þetta innan hreyfingarinnar.

Koma A, B, C greiningu á hvað varðar dómaramálin. Skrifstofa FSÍ klárar málið.

## **6. Önnur mál**

### ***Fimleikamaður ársins***

Fá tækninefndir til að senda tillögur um 2 – 4 aðila, þannig að hægt sé að tilkynna 1. – 3. sæti líka. Biðja tækninefndir um að senda fyrir vikulok þannig að stjórnin geti skoðað um helgina.

### ***Uppskeruhátíð***

Vinna hana með TM aftur, þ.e. fá TM til að sjá um hana fyrir okkur.

**Fundi lokið kl. 21:00.**